

Republik
Súðavogi 20
104 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2019
UST201905-033/09.06.01
09.06.01

Efni: Umsókn um dróna og kvikmyndaleyfi- Geysissvæðið

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Republik dagsett 5. maí 2019, um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugs á Geysissvæðinu.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða einfaldar kvikmyndatökur við Strokk með lágmarksbúnaði á jörðu niðri. Við kvikmyndatökurnar verður jafnframt notaður dróni. Ráðgert er að fljúga dróna í 20-60 metra hæð og fljúga hringin í kringum Strokk. Ráðgert er að tøkurnar færu fram 11. maí 2019 og standi yfir í 1 klst.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu. Framkvæmdin mun valda tímabundinni truflun á upplifun gesta á svæðinu þar sem mikill fjöldi ferðamann er á svæðinu dag hvern. Truflunin varir rétt á meðan tókur fari fram en sé þeim skilyrðum fylgt sem sett eru fyrir leyfinu metur stofnunin að hægt sé að takmarka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Geysissvæðisins sbr. lýsingu hér að ofan þann 11. maí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.

- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- **Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.**
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Valdimar Kristjánsson
Yfirlandvörður